

**Nd. 135. Frumvarp til laga [111. mál]**

um breyting á lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit og lögum nr. 59 30. des. 1939, nr. 12 5. maí 1941 og nr. 13 5. maí 1941, um breytingu á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Síðari málsgrein 3. gr. laganna orðist þannig:

Þegar talað er um höfn í lögum þessum er átt við tollhöfn, þ. e. höfn, þar sem tollstjóri er eða umboðsmaður tollstjóra.

2. gr.

Á 4. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: en til þeirra teljast, auk tollvarða í föstu starfi, menn, sem fjármálaráðuneytið eða tollstjórar ráða til tollgæzlu um stundarsakir eða við sérstök tilefni.
2. Í stað orðanna „Konungsráðuneytið“ er „Ríkisfáninn“ í 2. mgr. komi: 3. mgr. 2. gr. laga nr. 34 frá 17. júní 1944 er þjóðfáninn.
3. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Skylt er mönnum að verða við kvaðningu tolleftirlitsmanns um aðstoð við tollgæzlu á sama hátt og segir um aðstoð við lögreglumenn í 41. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951.

3. gr.

Á 5. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: og ekki fyrr en að fengnu leyfi tolleftirlitsmanns.
2. 4. mgr. orðist svo:

Þegar talað er um skip í lögum þessum, er átt við sérhvert fljótandi far, en með aðkomuskipi er átt við sérhvert skip, sem kemur frá útlöndum, unz það hefur fengið fyrstu afgreiðslu og samskiptaleyfi samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu sambandi jafngildir það komu frá útlöndum, ef skip hefur haft samband við annað farartæki, sem ekki hefur fengið samskiptaleyfi, eða látið hefur úr seinustu höfn hérlendis á leið til útlanda. Samskiptaleyfi (tollafgreiðsluskirteini) skal vera skriflegt. Í reglugerð skal nánar kveðið á um gerð þess. Með skip, sem kemur úr utanlandssiglingum og ekki getur sýnt tollafgreiðsluskirteini frá viðurkenndri tollafgreiðsluhöfn, sbr. 7. gr., skal að öllu leyti farið sem um aðkomuskip væri að ræða.

3. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði laga þessara um skip og hafnir skulu eftir því sem við á gilda um flugför og flugvelli. Flugfar tákna í lögum þessum loftskip, flugvélar og önnur flugtæki.

4. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má með reglugerð, að öll skip skuli á leið frá útlöndum eða áður en lagt er af stað til útlanda, nema tilneydd séu, koma á tiltekna hafnir til að fá fyrstu eða síðustu afgreiðslu hér á landi. Nefnast þær hafnir tollafgreiðsluhafnir. Setja má það skilyrði um tiltekna tollafgreiðsluhafnir, að skip fái þar því aðeins fyrstu afgreiðslu að koma þeirra þangað hafi áður verið tilkynnt með ákveðnum fyrirvara. Ráðuneytið getur, ef sérstaklega stendur á, heimilað skipi að fá fyrstu afgreiðslu utan tollafgreiðsluhafnar, en skylt skal skipi þá að greiða kostnað, sem af því leiðir. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni allt að 200000 krónum.

5. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að innsigla eða setja lás fyrir farmrúm, vista-geymslur og aðra staði í skipi eftir því, sem þeim þykir nauðsyn til bera. Skylt er skipstjóra að veita toleftirlitsmönnum aðstoð, ef þeir óska eftir henni, við inn-siglun eða lokun, svo og að vekja athygli tollgæzlumanna á þeim stöðum, þar sem þessar ráðstafanir mundu ekki koma að haldi.

Innsigli eða læsingar, sem toleftirlitsmenn setja fyrir lestar eða aðra staði í skipi, má enginn nema toleftirlitsmaður opna eða rjúfa meðan skip er hér við land. Skipstjóri eða sá, sem kemur í hans stað, ber ábyrgð á brotum gegn þessu ákvæði.

Hafi tollgæzlumenn ákveðið að innsigla farmrúm eða aðra staði í skipi, en eigi eru á því tók vegna umbúnaðar skips eða skipstjóri telur slíkt ekki óhætt vegna öryggis skips eða farms, ber skipi að kosta þá tollgæzlu um borð, sem af því leiðir, að framangreindum öryggisráðstöfunum verður ekki við komið.

6. gr.

Á 13. gr. eru gerðar þessar breytingar:

1. Við 1. mgr. bætist: Kostnaður við flutning toleftirlitsmanna út í skip og í land við komu skips og brottför, skal greiddur af skipinu. Kostnaðinn má innheimta með lögtaki og hefur hann lögveð í skipinu.
2. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákveða skal í reglugerð, hvenær hin ýmsu störf tollgæzlunnar skulu unnin án endurgjalds, svo og um greiðslu fyrir störf, sem unnin eru á öðrum tímum.

7. gr.

Við 14. gr. bætist:

Einnig geta þeir ákveðið að ferming eða afferming skips skuli fara fram á tilteknum stað í höfn, er hentastur þykir vegna eftirlits hverju sinni.

8. gr.

Við fyrstu málsgrein 15. gr. bætist:

Séu skjöl þessi ekki afhent eða þau eru ófullnægjandi, má synja um leyfi til að ferma eða afferma skipið, unz úr þessu hefur verið bætt.

9. gr.

Fyrsta málsgrein 17. gr. orðist svo:

Tolleftirlitsmönnum er heimilt að skoða og rannsaka allar vörur og aðra hluti, hverjir sem eru, er flytjast til landsins, hvort sem það er flutt sem vörur á farm-skrám, póstflutningur, farþegaflutningur eða á annan hátt. Heimilt er að krefjast þess, að þetta sé allt flutt í tollbúð eða á annan tiltekinn stað, þar sem tolefftirlit er framkvæmt og framvísað þar til skoðunar, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

10. gr.

18. gr. orðist svo:

Auk þess, sem tollgæzlumönnum er heimilt að leita alls staðar í skipi, er þeim heimil leit og rannsókn á vörum í geymsluhúsum, bifreiðum, vögnum og öðrum farartækjum. Enn fremur í verzlunum og vörugeymslum þeirra. Stjórnendum farartækja er skylt að nema staðar, þegar tolefftirlitsmenn gefa þeim merki um það, svo og að veita tolefftirlitsmönnum þá aðstoð og hjálp, sem þörf er á til þess að rannsókn geti gengið sem greiðast og án tafa og tálmana.

11. gr.

Aftan við 19. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú eru tiltekna vörutegundir háðar ströngum innflutningshömlum, eða aðrar ástæður valda, að nauðsynlegt er að fylgjast sérstaklega með innflutningi þeirra, og getur ráðuneytið þá með auglýsingu ákveðið, að þeim sem bjóða vörur þessar til sölu, eða hafa þær í verzlunum sínum, skuli skylt að gera fulla grein fyrir því, hvaðan þær eru fengnar, að viðlögðum sektum og upptöku varanna. Þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar auglýsing er gefin út, skal gefinn kostur á að fá þær merktar með tollmerkjum, sbr. næstu málsgrein hér á eftir.

Í reglugerð má ákveða, að tolyfjirvöld geti fyrirskipað merkingu á tilteknum vörutegundum um leið og þær eru tollafgreiddar, til sönnunar því, að þær hafi hlotið löglega tollafgreiðslu. Ákveða skal þeim, sem eiga slíkar vörur, þegar merk-ingarfyrirmæli eru gefin út, frest til að framvísa þeim við tolyfjirvöld og merkja þær. Finnist slík vara ómerkt að þeim fresti liðnum, telst hún eigi hafa hlotið löglega tollafgreiðslu, nema annað sannist.

12. gr.

20. gr. laganna fellur niður, og breytist greinatala í samræmi við það.

13. gr.

Á 22. gr., sem verður 21. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „fyr en slíkar vörur eða farangur hefur verið skoðaður af tolefftirlitsmönnum“ í 2. mgr. komi: og skulu þeir aðstoða tolefftirlitsmenn eftir þörfum við skoðun slíkra vara eða farangurs.
2. Á eftir 3. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er tolefftirlitsmönnum að skrá og merkja muni, sem hafðir eru um borð í íslenzku skipi, hvort sem um er að ræða skipsbúnað eða einkaeign skipverja. Heimta má aðflutningsgjöld af hinum skráðu munum, ef þeir hverfa úr skipi, nema gerð sé grein fyrir, að þeir hafi farizt eða verið fluttir úr skipi erlendis.

14. gr.

Á 24. gr., sem verður 23. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Á fyrstu höfn, sem skip, er hefur meðferðis vörur, er setja á í land eða umskipa í önnur skip eða farartæki á höfnum inni eða innan íslenzkrar landhelgi, tekur hér á landi, skal skipstjóri afhenda tollstjóra eða umboðsmanni hans þrjú samrit af aðalfarmskrá, ásamt vottorði um það, að skipið hafi ekki, síðan það lagði úr tilekinni erlendri höfn, tekið við vörum eða farangri úr skipum eða öðrum farartækjum á leiðinni og að eigi séu í skipinu aðrar eða meiri vörur en þær, sem tilfærðar eru á aðalfarmskrá, og þær, sem hann samstundis lýsir skriflega yfir, að ætlaðar séu skipinu sjálfu, skipverjum eða farþegum til neyzlu í því.

2. Síðari málsliður 2. mgr. verður svo:

Eitt samrit af aðalfarmskránni ber tollstjóra eða umboðsmanni hans síðan að senda endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins með fyrstu ferð, en öðru heldur hann sjálfur eða ráðstafar samkvæmt fyrirmælum ráðuneytisins.

3. Í stað orðsins „Hitt“ í upphafi 3 mgr. komi: Þriðja.

4. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Að lokinni affermingu á hverri höfn skal skipstjóra eða afgreiðslumanni skylt, ef tolleftirlitsmenn krefjast þess, að láta þeim í té nákvæmar skrár um talningu á vörum þeim, sem losaðar hafa verið úr skipinu á þeirri höfn.

15. gr.

Á 25. gr., sem verður 24. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „áfram til hans“ í 2. mgr. komi: áfram til annarrar tollhafnar.

2. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákveða má í reglugerð, að flutning á ótollafgreiddum vörum samkvæmt þessari grein megi aðeins fela þeim, sem fengið hafa leyfi ráðuneytisins til að annast slíka flutninga. Leyfi má binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja sé eftirlit með flutningi. Ráðuneytið setur að öðru leyti reglur um flutning ótollafgreiddrar vöru innanlands og má þar m. a. mæla fyrir um umbúnað og gerð farartækja, sem notuð eru til slíkra flutninga.

16. gr.

28. gr. falli niður og breytist greinatalan samkvæmt því.

17. gr.

Aftan við 29. gr., sem verður 27. gr., bætist:

Enn fremur getur tollstjóri neitað þeim, sem á ógreidd aðflutningsgjöld samkvæmt framangreindu, um tollafgreiðslu á öðrum vörum þar til skil eru gerð.

18. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, er verður IV. kafli, svo hljóðandi, og breytist kaflatala og greinatala samkvæmt því:

#### IV. KAFLI

##### Um afgreiðslur o. fl.

a-liður (verður 30. gr.).

Þar sem tollgæzlan hefur umráð vöruheymsluhúsa geta tolleftirlitsmenn jafnan ákveðið, að ótollafgreiddar vörur skuli fluttar þangað beint úr skipi til geymslu og tollafgreiðslu.

Ákveða skal í reglugerð gjald fyrir geymslu varanna. Einnig má þar setja ákvæði, er tryggi tollafgreiðslu og brottflutning varanna án óeðlilegra tafa.

b-liður (verður 31. gr.).

Enginn má annast afgreiðslu farartækja, sem flytja vörur frá útlöndum, eða geymslu ótollafgreiddrar vöru, nema hafa fengið til þess leyfi fjármálaráðuneytisins. Leyfi má einungis veita manni, sem hér er fastbúsettur eða innlendum ópersónulegum aðila. Leyfi skal bundið við ákveðna höfn og veitt í samráði við tollstjóra í því umdæmi. Áður en leyfi er veitt skal ganga úr skugga um, að umsækjandi hafi þá aðstöðu, er geri honum fært að annast fermingu og affermingu skipa og vörzlu ótollafgreidds varnings tryggilega og á þann hátt, að tolleftirliti verði örugglega við komið. Ráðuneytið getur heimilað tollstjórum að leyfa öðrum en viðurkenndum afgreiðslumönnum að afgreiða einstök skip, þegar sérstaklega stendur á, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Leyfishöfum ber að leggja tolleftirlitsmönnum til án endurgjalds hæfilegt, aðgreint rúm í hverju vörugeymsluhúsi til rannsóknar á vörum. Í vörugeymsluhúsum skal ótollafgreiddum vörum haldið aðgreindum frá öðrum varningi.

Leyfi má að öðru leyti binda þeim skilyrðum, sem ráðuneytið telur nauðsynleg á hverjum tíma.

Ráðuneytið getur mælt svo fyrir, að vörur, sem fluttar eru til landsins í lokuðum umbúðum, eða af öðrum ástæðum þurfa sérstaks eftirlits eða rannsóknar við, megi aðeins flytja úr flutningstækjum í ákveðin vörugeymsluhús og skuli geymdar þar, unz tollafgreiðsla hefur farið fram. Slíkar geymslur má, er þurfa þykir, setja undir lás tollgæzlunnar.

c-liður (verður 32. gr.).

Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa mega ekki afhenda viðtakendum aðflutningsgjaldskyldar vörur eða vörur, sem bundnar eru skilyrðum um innflutning, nema með samþykki tollstjóra eða umboðsmanns hans.

19. gr.

Á 36. gr. laganna, sem verður 37. gr., eru gerðar þessar breytingar:

1. Í stað orðanna „ekki lægri en 100 kr.“ í 1. mgr. komi: allt 200000 krónum.
2. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein svo hljóðandi:

Það varðar sektum að gefa, selja eða afhenda á annan hátt til brottflutnings úr skipi skipsforða eða aðra muni eða varning, sem heimilt er að hafa tollfrjálst í skipi, nema aðflutningsgjöld hafi áður verið greidd og öðrum fyrir-mælum laga um innflutning fullnægt. Enn fremur skulu sæta sömu viðurlögum, þeir sem veita viðtöku slíku varningi til brottflutnings úr skipi eða aðstoða við flutning hans af skipsfjöli.

3. Þriðja málsgrein greinarinnar fellur niður.
4. Fjórdá málsgrein orðist svo:

Enn fremur er jafnan heimilt að gera upptækar vörur eða andvirði vara, sem undan hefur verið skotið, rangt sagt til um eða ólöglega með farið samkvæmt 2. eða 3. mgr. þessarar greinar.

20. gr.

Fyrsti málsliður 40. gr., sem verður 41. gr., orðist þannig:

Það varðar skipstjóra eða útgerðarmann sektum allt að 200000 krónum, ef farmskrár og útdrættir fylgja ekki skipi, ef á þær eru ekki færðar allar vörur, sem skylt er samkvæmt 21. gr., eða skrárnar eru að öðru leyti ekki gerðar eins og mælt er fyrir eða ákveðið kann að vera í reglugerð, eða ef vanrækt er að afhenda tolleftirlitsmanni farmskrár, útdrætti eða skrá um talningu á vörum.

21. gr.

1. málsliður 43. gr., sem verður 44. gr., orðist svo:

Brot gegn 30., 31. og 32. gr. varða skipstjóra eða afgreiðslumann sektum. Auk þess ber skipstjóri eða afgreiðslumaður ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda

af vörum, sem afhentar eru í bága við ákvæði 32. gr. og má án undanfarandi birtingar gera lögtak fyrir gjöldunum, ásamt sektum og kostnaði, í eignum sökunauts og selja hið lögtekna á þann hátt, er segir í 27. gr.

22. gr.

44. gr., sem verður 45. gr., orðist þannig:

Með mál vegna brota á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

24. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breytingu á lögum nr. 63 frá 1937, um tollheimtu og tollertirlit, að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 63 frá 1937 og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi lög um tollheimtu og tollertirlit voru sett árið 1937 og hafa litlar breytingar verið gerðar á þeim síðan. Lög þessi voru þá að mestu nýmæli og að sjálfsgöðu miðuð við þarfir þeirra tíma, er þau voru sett. Í meginatriðum standa þau enn í góðu gildi um þau atriði, sem þau á annað borð taka til, en breytingar síðari ára á samgöngum, vöruflutningi frá útlöndum og vinnubrögðum við fermingu skipa og affermingu gera nú brýna nauðsyn fyrir mæla um atriði, sem ekki þóttu nauðsynleg á þeim tíma, sem löggin voru sett. Auk ýmissa minni háttar breytinga og viðauka við eldri fyrir mæli liggja aðal nýmæli þessa frumvarps í 19. grein þess, sem hefur að geyma nýjan kafla um skipaafgreiðslur, meðferð ótollaafgreidds varnings o. fl., sem fram að þessu hefur skort ákveðin lagafyrirmæli um. Aðstaða hér á landi er með þeim hætti, að ekki er unnt að sækja fyrir myndir til nágrannaþjóðanna um þessi atriði, nema að litlu leyti. Eru því ákvæði þessi frumsmíð, sem húast má við að þurfi endurskoðunar við, þegar reynsla er fengin um framkvæmd þeirra. Að öðru leyti visast til athugasemda við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Inn í greinina er skotið orðskýringu, en að öðru leyti er hún óbreytt.

Um 2. gr.

Tollgæzlan er hér alls staðar fámenn og sums staðar eru engir fastráðnir tollertirlitsmenn á höfnum, þar sem skip þó koma öðru hverju til fermingar og affermingar á aðfluttum vörum. Nauðsynlegt er að úr þessu verði bætt, þannig að tollertirlitsmenn verði á hverri tollhöfn, þó ekki hafi þeir allir tollgæzlu að aðalstarfi. Auk þess getur verið nauðsynlegt að setja menn um stundarsakir eða við sérstök tilefni til gæzlustarfa, og er rétt að fjármálaráðuneytið eða tollstjórar hafi heimild til að ráða menn til þess, er nauðsyn krefur og veita þeim sömu völd og lögvernd sem fastráðnum tollertirlitsmönnum.

Um 3. gr.

Greinin geymir að mestu gildandi reglur, sem hér hefur verið safnað á einn stað og orðaðar nokkru ákveðnar en áður var. Skylda skips til að taka tollafgreiðsluskirteini var áður í reglugerð, en rétt þótti að lögfesta hana með hliðsjón af því, að skip í utanlandssiglingum gera nú meira að því en áður að ferðast milli margra hafna innanlands. Er þá nauðsynlegt að þau hafi meðferðis skirteini, sem tollgæzlumenn á hverjum stað geta fært á upplýsingar og tilmæli, sem starfsbræðrum þeirra, á öðrum höfnum er nauðsynlegt að fá vitneskju um.

Ákvæði samsvarandi 3. lið greinarinnar eru nú 20. gr. laganna, en þau þykja eiga betur heima í þessari grein.

Um 4. gr.

Ekki er hægt að hafa að staðaldri á hverri tollafgreiðsluhöfn mannafla til að rannsaka aðkomuskip til nokkurrar hlitar. Er því gert ráð fyrir skyldu skipa til að tilkynna komu sína á vissar hafnir með þeim fyrirvara að hægt sé, ef þurfa þykir, að senda aukið gæzlulið á staðinn. Skipum ætti að vera auðvelt að uppfylla þessa skyldu.

Um 5. gr.

Í 12. gr. laganna er gert ráð fyrir heimild tolleftirlitsmanna til að innsigla farmrúm eða önnur geymslurúm í skipum. Hér er bætt við heimild til að læsa slíkum rúmum og er það í samræmi við fyrirmæli norskra og sænskra laga.

Um 6. gr.

Þar til núgildandi sóttgæzlulög gengu í gildi, voru aðkomufarartæki skyldug að greiða kostnað af flutningi sóttgæzlumanns í farartækið, en tolleftirlitsmenn annast sem kunnugt er einnig sóttgæzlu. Nú er þessi greiðsluskylda fallin niður. Hins vegar er skipstjóra samkvæmt 9. grein laganna um tollheimtu og tolleftirlit skylt að annast flutning á tolleftirlitsmönnum að og frá skipi, er þeir óska. Þar sem tollgæzlumenn hafa farartæki til umráða, er þetta ómak að jafnaði tekið af skipstjóra og er sanngjarnt að nokkur greiðsla komi á móti upp í þann kostnað, sem tollgæzlan hefur vegna útgerðar á farartækjum eða leigu á þeim í þessu skyni. Ákvæði 2. liðs greinarinnar er í samræmi við gildandi reglur í nágrannalöndunum.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar skýrast best í sambandi við athugasemdir við 18. grein.

Um 8. og 9. gr.

Þurfa ekki skýringa við.

Um 10. gr.

Þar sem sjálfsagt þykir, að skýra lagaheimildir til húsleitar án dómsúrskurðar þröngt, hefur verið litið svo á, að heimild fyrir tollgæzlumenn til húsleitar, sem felst í 18. gr. laganna, taki einungis til geymsluhúsa skipaafgreiðslna eða þar sem annars er geymdur ótollafgreiddur varningur. Það er altítt, að í verzlunum sé boðinn varningur, sem gefur tilefni til rannsóknar af tollgæzlunnar hálfu, en óhægt er að framkvæma slíka rannsókn svo að gagni komi, nema hafa húsleitarheimild. Þykir því nauðsynlegt að rýmka ákvæði greinarinnar svo að þau taki einnig til verzlana og vörugeymslna þeirra.

Um 11. gr.

Möguleikar til að sanna brot á aðflutningslöggjöf, eftir að brot er fullframið, eru mjög takmarkaðir. Tollgæzlan hefur nokkrum sinnum reynt að fara þá leið að gera rannsókn í verzlunum á vörum, sem ætla má að séu ekki löglega fluttar til landsins, m. a. vegna þess að innflutningsleyfi eru yfirleitt ekki veitt fyrir þeim. Litill árangur hefur orðið af þeim störfum. Verzlanir, sem kærðar hafa verið vegna rökstudds gruns um að bjóða ólöglega innfluttar vörur, hafa oftast getað sýnt reikninga um vöruna, en oft eru þeir aðeins með nafnritun án heimilisfangs og því ekki hægt að finna þann, sem reikningurinn er frá. Ef sá, sem varan finnst hjá, hefur svo haldið því fram, að hann hafi keypt vöruna í góðri trú af þessum mönnum, sem enginn veit deili á, hafa dómstólar talið að ekki væri efni til málshöfðunar vegna skorts á sönnunum fyrir því að um visvitandi þátttöku í dreifingu smyglvarnings

væri að ræða. Hér er lagt til, að heimilt sé að gera mönnum að skyldu, að viðlögðum refsingum, að gera glögga grein fyrir kaupunautum sínum að vissum vöruflokkum, eftir að þeim hefur verið gefin opinber aðvörðun um að tryggja sér slík gögn, áður en þeir eigi skipti um slíkar vörur. Með þessu virðist ekki höggvið óeðlilega nærri hinum almennu reglum um sönnunarbyrði, enda hefur verið gengið mun lengra í þá átt í öðrum lögum svo sem áfengislögunum.

Um 12. gr.

Sjá athugasemd við 3. gr.

Um 13. gr.

Fyrsti liður er leiðrétting á orðalagi, þarfnast annars ekki skýringar. Annar málslíður er nýmæli, sett til þess að koma í veg fyrir að verðmætir lausamunir í farartækjum séu fluttir í land án tollgreiðslu.

Um 14. gr.

Fyrsti til þriðji liður eru í samræmi við gildandi reglur að öðru leyti en því, að ákvæði eru sett um 3 eintök farmskrár í stað 2.

Fjórði liður er nýmæli. Afgreiðslur þurfa að sjálfsögðu að láta telja vörur úr skipi við affermingu þess. Þeim er því hægt um vik að láta tolleftirlitinu í té eintak af talningarskrá en tollgæzlunni getur verið mikill styrkur að hafa slíka skrá í höndum.

Um 15. gr.

Flutningur ótollafgreiddra vara milli tollhafna er trúnaðarstarf, sem eðlilegt er að ekki sé falið hverjum sem er, eða framkvæmt án sérstakra öryggisráðstafana. Er því ráðuneytinu heimilað að setja reglur þar að lútandi.

Um 16. gr.

Ákvæði 28. gr. er í 32. gr. frumvarpsins, og þykir betur eiga heima í þeim kafla.

Um 17. gr.

Við endurskoðun kemur oft í ljós, að aðflutningsgjöld hafa verið vanheimt, vegna rangrar tollflokunar, reknings skekkja o. s. frv. Þegar þetta kemur í ljós, er viðtakandi oftast búinn að fá vöru sína afhenta, og þykir því nauðsynlegt að fá þá heimild í lög, sem hér er gert ráð fyrir. Heimildinni má einnig beita, ef menn láta dragast óhæfilega lengi að gera ráðstafanir til tollafgreiðslu á vörum, sem þeir eiga liggjandi.

Um 18. gr.

Með þessari grein er bætt í lög nýjum kafla um skipaafgreiðslur, meðferð á ótollafgreiddum vörum og fleira.

Hingað til hefur ekki þurft opinber leyfi eða viðurkenningu til að reka skipaafgreiðslu eða annast geymslu á ótollafgreiddum vörum. Hefur því hver sem er mátt taka þetta að sér. Hér er um svo ábyrgðarmikið starf að ræða, að sjálfsagt er að það sé einungis falið tilteknum mönnum eða fyrirtækjum, sem jafnframt séu látin skuldbinda sig til að fullnægja visum skilyrðum, sem tryggi örugga framkvæmd starfans. Í framkvæmd hefur það verið svo, að skipafélög, sem annast flutninga á milli landa, hafa hvert um sig rekið afgreiðslur fyrir sín skip og séð um geymslu á vörum, sem þau flytja, unz viðtakendur vitja þeirra, að lokinni tollafgreiðslu. Laga-ákvæði, sem leggja skipaafgreiðslum skyldur á herðar um að haga affermingu, flutningi eða geymslu varnings á þann hátt að öryggis sé gætt og tolleftirliti verði



með góðu móti við komið, eru nú ófullkomin. Húsnæðisskortur seinustu ára hefur hrakið afgreiðslurnar með vörur sínar í geymslu víðsvegar um bæinn hér í Reykjavík, og oft er vara úr sama skipi flutt í mörg hús á mismunandi stöðum. Eru dæmi til að stykkjavarningur úr sama skipi hafi verið látinn í 8 mismunandi hús á ýmsum stöðum við höfnina, eða jafnvel utan hafnarsvæðisins. Það gefur auga leið, hvort fullnægjandi eftirliti verður komið við með slíkum flutningum. Tollgæzlan hefur nú of lítið húsnæði fyrir vöruskoðun, og í vörugeymsluhúsum afgreiðslanna eins og þau eru nú, er yfirleitt engin aðstaða til að framkvæma vöruskoðun. Allt verður þetta að breytast, ef tollgæzlan á að geta innt störf sín nægilega vel af hendi. Miða reglur þær, sem settar eru fram í þessari grein að því að ráða bót á þeim vandkvæðum, sem hér hafa verið rakin.

Þar eð hér er um nýmæli að ræða, er rétt að gera nokkra grein fyrir, hvernig þesum málum er skipað í nágrannalöndunum. Sameiginlegt er það alls staðar, að tollgæzlunni er tryggð aðstaða til rækilegs eftirlits með aðfluttum vörum frá því að farartæki, sem þær flytur, hafnar sig og þar til þær hafa hlotið tollafgreiðslu. Til þess að gefa nánari hugmynd um þetta, skal hér lauslega rakið, hvernig geymslu ótollafgreiddra vara er háttað í Svíþjóð, Noregi og Englandi.

Í Svíþjóð eru bæjarfélögin eða hafnirnar skyldar til að leggja tollgæzlunni til geymsluhús, geymslusvæði og bryggjur. Fyrir þetta fá bæirnir ákveðinn hundraðshluta af aðflutningsgjöldunum, og var hann fyrir skömmu 5 af hundraði. Þar er öll vara talin upp úr skipum, og ef hún er ekki tollafgreidd við skipshlið, sem auðvitað verður ekki við komið um vöru, sem þarf skoðunar við, er hún flutt í tollpakkhúsin og bíður þar tollafgreiðslu. Tímatakörk eru sett um, hve lengi varan má liggja í tollpakkhúsunum.

Í Noregi á tollgæzlan eða leigir vörugeymsluhús við hafnirnar. Þangað er yfirleitt öll vara flutt úr skipum til að byrja með, nema vara, sem hægt er að tollafgreiða við skipshlið, tollfrjáls vara og ýmis gróf þungavara, sem að skaðlausu getur legið úti. Liggi slík vara úti, er hún að jafnaði látin á afgirt svæði, sem eru undir lás tollgæzlunnar. Til að tryggja að vörugeymsluhús tollsins við hafnirnar séu ávallt tiltæk að taka á móti nýjum sendingum, er viðtakendum skylt að tollafgreiða vöru, sem þar liggur, innan fárra daga, ella falla á hana geymslugjöld daglega, sem eru svo há, að viðtakendur eru neyddir til að tollafgreiða vöruna.

Í Englandi má ekki skipa upp innfluttri vöru, nema við bryggjur eða hafnarbakka, sem tollstjórnin viðurkennir sérstaklega til þess (approved wharves). Ótollafgreiddar vörur má þar ekki flytja úr skipi í önnur hús en hús tollgæzlunnar eða hús, sem tollstjórnin hefur sérstaklega viðurkennt til geymslu varanna fyrstu 14 dagana. Hús þessi (approved transit sheds) eru ýmist eign hafnanna eða í einkaeign, en eigendur þeirra verða undirgangast ýmis skilyrði og skuldbindingar til þess að fá viðurkenninguna, þ. á m. að leggja tollgæzlunni til án endurgjalds húsrúm til rannsóknar á vörum. Hús þessi liggja jafnan þannig, að auðvelt er að fylgjast með flutningi varnings í þau frá skipshlið. Þær vörur, sem ekki eru tollafgreiddar innan 14 daga eru fluttar úr húsum þessum í hús tollgæzlunnar (Queen's warehouse). Þangað eru einnig fluttar skemmdar vörur og vörur, sem að öðru leyti er sérstaklega ástatt um.

Stefna ber að því að tollgæzlan fái sín eigin vörugeymsluhús fyrir vörur, sem ekki er hægt að tollafgreiða við skipshlið, enda verður að telja það heppilegustu framtíðarlausn þessara mála. En mikið fé mun þurfa til að reisa tollgæzlustöðvar með nauðsynlegum vörugeymslum. Ráðuneytið hefur haft á þessu mikinn hug, en mikil ásókn hefur verið um fjárframlög í aðrar aðkallandi opinberar framkvæmdir, svo að þetta hefur setið á hakanum. Ráðuneytið hefur nú ákveðið að beita sér á næstunni fyrir auknum fjárframlögum í þessu skyni, annað hvort með því að lagt verði lágt gjald á aðfluttar vörur eða til komi bein framlög af ríkisfé í þessu skyni.

Á hinn bóginn var eigi talið rétt að taka fjáröflun til þessara hluta upp í þetta frv. En þar eð hér þarf að byggja frá grunni verður ekki hjá því komizt að fara

aðrar leiðir til að byrja með. Hér er því lagt til, að farin sé leið, sem líkist brezka fyrirkomulaginu, þ. e. að afgreiðslumenn eigi eða hafi umráð vörugæmsluhúsanna, en leggi tollgæzlunni til þá aðstöðu, sem hún þarf til að framkvæma störf sín.

Um einstakar greinar IV. kafla athugast:

Um a-lið.

Gert er ráð fyrir, að tollgæzlan eignist í framtíðinni eða fái með öðru móti umráð yfir geymsluhúsum og er þá sjálfsagt að þau verði notuð, öðrum húsum fremur, til að geyma ótollafgreiddar vörur. Nú þegar tekur tollgæzlan allan flugfarm til geymslu á þennan hátt. Rétt þykir að geymslugjald sé ákveðið með reglugerð.

Um b-lið.

Hinar almennu athugasemdir um efni kaflans eiga að mestu við um þessa grein.

Hér er gert ráð fyrir tvenns konar nýbreytni, sem nauðsynleg verður að teljast. Í fyrsta lagi er þess krafizt, að afgreiðslumenn skipa og vörzlumenn ótollafgreiddrar vöru þurfi leyfi til starfs síns og verði að fullnægja vissum skilyrðum. Hefur áður verið um það rætt. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að ákveða megi að tiltekna vörur megi aðeins geyma í ákveðnum húsum, sem ráðuneytið samþykkir. Er þetta nauðsynlegt m. a. til þess að tryggja að vörur, sem sérstaks eftirlits þurfa við, séu aðeins fluttar í hús, sem bæði eru örugg geymsla og liggja þannig, að sem auðveldast sé að hafa eftirlit með affermingu vara og flutningi frá skipi í geymsluhús. Eins og nú standa sakir er algengt, að kornvara og annað, sem ekki þarfnast eftirlits af tollgæzlunnar hálfu sé geymt í húsum við hafnarbakka, en kassavarningum sé fluttur á bifreiðum langar leiðir frá skipi í geymsluhús.

Um c-lið.

Ákvæði þessarar greinar voru áður í 28. gr. laganna, en þykja eins og fyrr segir eiga betur heima í þessum kafla.

Um 19. gr.

Með hliðsjón af núverandi peningagildi þykir rétt að færa upp hámark sekta samkvæmt þessari grein, enda getur stórfelld fjármunaröskun átt sér stað í sambandi við brot gegn henni.

Rétt þykir, að upptaka eigna sé ekki bundin við að hægt sé að ná til þess, sem sem ólöglega hefur verið innflutt. Er því heimilað að gera upptækt hjá sökunaut sem svarar peningaverðmæti ólöglega innflutts varnings, ef ekki næst til varningsins sjálfs.

Um 20. gr.

Greinin er að mestu samhljóða núgildandi ákvæðum, þó er það lagt á vald dómara að meta hvort refsing skuli lögð á skipstjóra eða útgerðarmann, ef farmskrá er áfátt. Einnig er ákveðin refsing við því, ef skráum um talningu á vörum er ekki skilað til tolleftirlitsmanna. Refsimörk eru færð upp í 200000 króna sekt, með tilliti til núverandi verðgildis peninga.

Um 21. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um refsingar fyrir brot gegn ákvæðum í kaflanum um afgreisðlur, sem tekinn er upp í 18. gr. frumvarpsins. Viðurlög við brotum gegn 32. gr. eru hin sömu og áður giltu um brot gegn 28. gr.

Um 22.—23. gr.

Þurfa ekki skýringa.